

6. bekkur – Þjóðgarðurinn

Samfélagsfræði, náttúrufræði og íslenska

Unnið með söguramman Þjóðgarðinn

Lögð áhersla á þjálfun í margskonar vinnubrögðum, samvinnu, sköpunargleði, framsögn, ritun á ólíkum textagerðum og margt fleira.

Námsmatið verður fjölbreytt þannig að það gefi heilstæða mynd af hæfni nemandans. Leggja skal áherslu á leiðsagnamat sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennaranum. Mikilvægt er að nemandinn viti til hvers er ætlast og séu virkir í sínu námsmati.

	Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsþættir og viðfangsefni	Afrakstur og námsmat
1. áfangi	<ul style="list-style-type: none"> - útskýrt hugtakið þjóðgarð og hvers vegna við höfum þjóðgarða - lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúruna - gert sér grein fyrir eigin lífsýn og skilningi á samspili náttúrunnar og mannsins - hugað að náttúruvernd, sjálfbærni og hvernig við getum haft áhrif á samfélagið - geti gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum, hlutverkum innan þeirra - lýst margvíslegum tilfinningum sem þau verða fyrir í náttúrunni og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun þeirra almennt - tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu á fordæmalausan hátt 	<ul style="list-style-type: none"> - Fjallað um Þjóðgarða og verkefni þjóðgarðsvarða og fjölskyldna þeirra. - Veggmynd af þjóðgarði búin til. - Vefsíðugerð um þjóðgarðinn. 	<ul style="list-style-type: none"> - Alls konar hópvinna, skrifleg verkefni o.fl. - Útbúinn þjóðgarður á vegginn. - Skilningur á hugtakinu þjóðgarður og mikilvægi þjóðgarða. - Skrifleg umsókn um starf þjóðgarðvarðar metin. - Vefsíðugerð.
2. áfangi	<ul style="list-style-type: none"> - sett sig í spor þjóðgarðsvarðar og verkefni hans. - áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast 	<ul style="list-style-type: none"> - Fjallað um fugla í þjóðgarðinum. 	
3. áfangi	<ul style="list-style-type: none"> - lýst einkennum dýra og planta með aðaláherslu á fugla, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt 	<ul style="list-style-type: none"> - Unnið með fugla í þjóðgarðinum. 	<ul style="list-style-type: none"> - Fuglar útbúnir, ritgerðir skrifaðar, sagt frá fuglum o.fl. - Vinna við fuglinn utan sem innan metin. - Ritgerð um fuglinn metin.
4. áfangi	<ul style="list-style-type: none"> - þekkt algengar fuglategundir á Íslandi, einkenni og lífshætti 	<ul style="list-style-type: none"> - Ránfuglar, vaðfuglar, sundfuglar, spörfuglar, sjófuglar, 	<ul style="list-style-type: none"> - Fuglagetraun, þekkja að minnsta kosti 20 fugla.
5. áfangi	<ul style="list-style-type: none"> - lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúruna - rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum 	<ul style="list-style-type: none"> - Náttúruvernd, sjálfbærni. 	<ul style="list-style-type: none"> - Fjallað um hugtökin náttúruvernd og sjálfbærni og hvernig við getum haft áhrif. Heimfært á þjóðgarðinn og umhverfi hans. - Skilningur á hugtökunum náttúruvernd og

			sjálfbærni metin.
6. áfangi	<ul style="list-style-type: none"> - séð gildi slysavarna og viðbragða við slysum í náttúrunni - velt fyrir sér hvernig fjölmiðlar fjalla um atvik með áherslu á dagblöð - metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordæmalausan hátt 	<ul style="list-style-type: none"> - Óvænt atvik í þjóðgarðinum. - Skrifað um reynslu fjölskyldunnar af starfi þjóðgarðsvarðar. 	<ul style="list-style-type: none"> - Fjallað um óvænt atvik í þjóðgarðinum líkt og fjölmiðlar gera. - Afrakstur metinn. - Gefið fyrir vinnubók.
7. áfangi Lok	<ul style="list-style-type: none"> - sýnt samferðafólki sínu tillitssemi , umhyggju og kurteisi 	<ul style="list-style-type: none"> - Foreldrakvöld 	<ul style="list-style-type: none"> - Foreldrakvöld undibúið. Farið yfir helstu atriði vinnunnar við söguramman og dagskrá undirbúin og æfð. - Próf úr sögurammanum.